

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Siklos 100 mg filmuhúðuð tafla.
Siklos 1 000 mg filmuhúðuð tafla.

2. INNIHALDSLÝSING

Siklos 100 mg filmuhúðuð tafla

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 100 mg af hýdroxýkarbamíði.

Siklos 1 000 mg filmuhúðuð tafla

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 1 000 mg af hýdroxýkarbamíði.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla (tafla).

Siklos 100 mg filmuhúðuð tafla

Beinhvít, ílöng, filmuhúðuð tafla með helmings-deiliskoru beggja megin.

Töflunni má skipta í tvo jafna hluta. Hvor helmingur töflunnar er merktur með „H“ öðrum megin.

Siklos 1 000 mg filmuhúðuð tafla

Beinhvít, hylkislaða, filmuhúðuð tafla með þremur deiliskorum beggja megin.

Töflunni má skipta í jafna fjórðungshluta. Hver fjórðungur töflunnar er merktur með „T“ öðrum megin.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Siklos er ætlað til forvarnar gegn endurtekinni sárri æðaþrengingakreppu, þar með talið bráðum brjóstverkjum, hjá fullorðnum, unglingum og börnum eldri en 2 ára með sigðkornaheilkenni (sjá kafla 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Meðferð með Siklos skal hafin af lækni sem hefur reynslu af meðhöndlun sjúklinga með sigðkornaheilkenni.

Skammtastærð

Hjá fullorðnum, unglingum og börnum eldri en 2 ára

Skammtastærð ætti að byggjast á líkamsþyngd sjúklings.

Upphafsskammtur af hýdroxýkarbamíði er 15 mg/kg líkamsþyngdar og venjulegur skammtur er á milli 15 og 30 mg/kg líkamsþyngdar á dag.

Svo lengi sem sjúklingur svarar meðferð, annaðhvort á klíniskan eða blóðfræðilegan hátt (t.d. aukning á blóðrauða F (HbF), meðalstærð rauðra blóðkorna (MCV), fækkun á daufkyrningum), ætti að viðhalda sama skammti af Siklos.

Ef engin svörun kemur fram (endurkoma verkjakasta eða lítil lækkun á tíðni þeirra), má auka dagskammtinn í skrefum sem nema 2,5 til 5 mg/kg líkamsþyngdar á dag og velja til þess þann töflustyrk sem hentar best.

Í undantekningartilvikum er hugsanlegt að réttlæta megi hámarksskammtinn 35 mg/kg líkamsþyngdar á dag undir nákvæmu blóðfræðilegu eftirliti (sjá kafla 4.4).
Ef sjúklingur sýnir enga svörun við hámarksskammti af hýdroxýkarbamíði (35 mg/kg líkamsþyngdar á dag) gefnum í þrjá til sex mánuði, skal íhuga að hætta notkun Siklos algjörlega.

Ef blóðhagur er innan eitrunarmarka ætti að hætta notkun Siklos tímabundið þar til blóðhagur verður eðlilegur á ný. Blóðfræðileg gildi verða yfirleitt eðlileg á ný innan tveggja vikna. Síðan má hefja meðferð á ný með minni skömmtum. Eftir það má svo auka Siklos skammta á ný undir nánu blóðfræðilegu eftirliti. Ekki skal reyna skammta sem valda blóðfræðilegum eiturvefnum oft en tvisvar sinnum.

Eitrunarmörk eru skilgreind samkvæmt eftirfarandi niðurstöðum úr blóðrannsóknnum:

Daufkyrningar	< 1 500/mm ³
Blóðflögur	< 80 000/mm ³
Blóðrauði	< 4,5 g/dL
Netfrumur	< 80 000/mm ³ ef þéttni blóðrauða er < 9 g/dL

Langtímagögn varðandi áframhaldandi notkun hýdroxýkarbamíðs hjá sjúklingum með sigðkornaheilkenni liggja fyrir hvað varðar börn og unglinga, ásamt 12 ára eftirliti með börnum og unglingum og 13 ára eftirliti með fullorðnum. Eins og er, er enn ekki vitað hversu lengi skal meðhöndla sjúklinga með Siklos. Lengd meðferðar er í höndum læknisins sem ávísar og ætti að byggjast á klínískri og blóðfræðilegri stöðu hvers sjúklings fyrir sig.

Sérstakir sjúklingahópar

Börn yngri en 2 ára

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun hýdroxýkarbamíðs hjá börnum á aldrinum núll til tveggja ára. Takmörkuð gögn benda til að 20mg/kg/d hafi dregið úr sársaukafullum köstum og verið öruggt fyrir börn undir tveggja ára aldri en öryggi langtíma meðferðar hefur ekki verið staðfest. Því er ekki hægt að ráðleggja neina skammta.

Skert nýrnastarfsemi

Þar sem nýrnaútskilnaður er helsta leiðin til brotthvarfs, ætti að íhuga að draga úr Siklos skömmtum hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Hjá sjúklingum með kreatínínúthreinsun ≤ 60 ml/mín. ætti að draga úr upphafsskammti af Siklos um 50%. Ráðlagt er að hafa náðið eftirlit með blóðgildum þessara sjúklunga. Siklos má ekki gefa sjúklingum með alvarlega skerta nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun < 30 mL/mín.) (sjá kafla 4.3, 4.4 og 5.2).

Skert lifrastarfsemi

Engin gögn liggja fyrir til stuðnings sérstakri skammtaæðlögun hjá sjúklingum með skerta lifrastarfsemi. Ráðlagt er að hafa náðið eftirlit með blóðgildum þessara sjúklunga. Af öryggisástæðum eiga sjúklingar með alvarlega skerta lifrastarfsemi ekki að taka Siklos (sjá kafla 4.3 og 4.4).

Aðferð við lyfjagiöf

Í samræmi við einstaklingsbundinn ávísaðan skammt skal taka töfluna, töfluhelminginn eða – fjórðungshluta töflunnar einu sinni á dag, helst að morgni fyrir morgunverð og, þegar þarf, ásamt glasi af vatni eða örlitlu magni fæðu.

Fyrir sjúklinga sem eru ekki færir um að kyngja töflunum má sundra þeim **rétt fyrir notkun** í dálitlu vatni í teskeið. Með dropa af sírópi eða blöndun við fæðu er unnt að fela hugsanlegt beiskt bragð.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

Alvarlega skert lifrastarfsemi (Child-Pugh flokkur C).

Alvarlega skert nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun < 30 mL/mín.).

Eitrunarmörkum mergbælingar eins og lýst er í kafla 4.2.

Brjóstagjöf (sjá kafla 4.6).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Beinmergsbæling

Meðferð með Siklos kallar á náð klínískt eftirlit. Meta skyldi blóðfræðilega stöðu sjúklings, auk nýrna- og lifrarstarfsemi, áður en meðferð hefst og reglulega meðan á henni stendur. Meðan á Siklos meðferð stendur þarf að hafa eftirlit með blóðhag einu sinni í mánuði þegar meðferð er hafin (þ.e. á fyrstu tveimur mánuðunum) og ef daglegur skammtur af hýdroxýkarbamíði er allt að 35 mg/kg líkamsþyngdar. Fylgjast ætti á 2 mánaða fresti með sjúklingum sem eru með óbreytt ástand með lægri skömmtum.

Hætta skal Siklos meðferð ef beinmergsstarfsemi minnkar greinilega. Daufkyrningafæð er venjulega fyrsta og algengasta merkið um blóðfræðilega bælingu. Blóðflagnafæð og blóðleysi koma sjaldnar fyrir og koma mjög sjaldan fram án þess að daufkyrningafæð hafi þegar komið fram. Mergbæling gengur venjulega hratt til baka eftir að meðferð er hætt. Hefja má Siklos meðferð á ný með örlítið lægri skömmtum (sjá kafla 4.2).

Skert nýrna- og lifrarstarfsemi

Sýna skal aðgát þegar Siklos er gefið sjúklingum með vægt eða miðlungi skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.2).

Þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um sjúklinga með vægt eða miðlungi skerta lifrarstarfsemi skal sýna aðgát við notkun Siklos (sjá kafla 4.2).

Fótasár og eiturvekanir vegna æðabólgu

Sýna skal aðgát þegar Siklos er gefið sjúklingum með fótasár. Fótasár eru algengur fylgikvilli sigðkornaheilkennis, en einnig hefur verið tilkynnt um þau hjá sjúklingum sem fá hýdroxýkarbamíð meðferð. Eiturvekanir vegna æðabólgu í húð, þar með talin sár og drep af völdum æðabólgu, hafa komið fram hjá sjúklingum með mergfrumnafjölgunarraskanir meðan á hýdroxýkarbamíð meðferð stendur. Oftast var tilkynnt um þessar eiturvekanir vegna æðabólgu hjá sjúklingum sem fengu, eða höfðu áður fengið, interferon meðferð. Vegna hugsanlegra alvarlegra afleiðinga sára á húð af völdum æðabólgu hjá sjúklingum með mergfrumnafjölgunarsjúkdóm, á að hætta notkun hýdroxýkarbamíðs og/eða draga úr skammtinum ef sár myndast á húð vegna æðabólgu. Í mjög sjaldgæfum tilvikum stafa sár af hvítornasundrandi æðabólgu.

Risarauðkornager

Hýdroxýkarbamíð veldur risarauðkornageri sem hugsanlega getur hulið tilfallandi þróun skorts á fólínsýru og B₁₂ vítamíni. Mælt er með að gefa fólínsýru til forvarnar.

Krabbameinsvaldandi áhrif

Hýdroxýkarbamíð veldur tvímælalaust skemmdum á erfðaeftni samkvæmt breiðum hópi prófkerfa. Gert er ráð fyrir að hýdroxýkarbamíð sé krabbameinsvaldur hjá mönnum og dýrum. Tilkynnt hefur verið um hvítblæði sem aukakvilla hjá sjúklingum sem fá hýdroxýkarbamíð til lengri tíma við mergfrumnafjölgunarkvillum. Ekki er vitað hvort hvítblæðisáhrifin stafa af notkun hýdroxýkarbamíðs eða hvort þau tengjast undirliggjandi sjúkdómi sjúklings. Einnig hefur verið tilkynnt um húðkrabbamein hjá sjúklingum sem fá hýdroxýkarbamíð í lengri tíma.

Örugg lyfjagjöf og eftirlit

Sjúklingar og/eða foreldrar eða forráðamenn þurfa að geta farið eftir leiðbeiningum varðandi lyfjagjöf, eftirlit og umönnun.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á milliverkunum við hýdroxýkarbamíð.

Tilkynnt hefur verið um hugsanlega banvæna brisbólgu, lifrareitrun og alvarlegan útlægan taugakvilla hjá HIV smituðum sjúklingum sem fengu hýdroxýkarbamíð ásamt andretróveirulyfjum af fyrstu kynslóð, sérstaklega didanósíni ásamt stavúdíni. Hjá sjúklingum sem meðhöndlaðir voru með hýdroxýkarbamíði ásamt didanósíni, stavúdíni og indínávíri reyndist miðgildi fækkunar CD4 frumna vera nálægt 100/mm³.

Samhliða notkun hýdroxýkarbamíðs og annarra mergbælandi lyfja eða geislameðferðar getur aukið mergbælingu, truflanir í meltingarfærum eða slímhúðarbólgu. Roði í húð vegna geislameðferðar getur versnað við notkun hýdroxýkarbamíðs.

Samhliða notkun hýdroxýkarbamíðs ásamt lifandi veirubóluefni getur hugsanlega magnað afritun bóluefnisveirunnar og/eða aukið aukaverkanir af bóluefnisveirunni þar sem hugsanlegt er að venjulegar varnir líkamans bælist af hýdroxýkarbamíð meðferð. Bólusetning með lifandi bóluefni getur orsakað alvarlegar sýkingar hjá sjúklingi sem tekur hýdroxýkarbamíð. Yfirleitt getur dregið úr mótefnasvörum sjúklings gegn bóluefnum. Aðeins á að gefa Siklos meðferð og framkvæma samhliða ónæmisaðgerð með lifandi veirubóluefnum ef ávinningur vegur greinilega þyngra en hugsanleg áhætta.

Truflanir á stöðugum glúkósaefirlitskerfum

Hýdroxýkarbamíð getur ranglega hækkað glúkósaniðurstöður skynjara frá ákveðnum stöðugum glúkósaefirlitskerfum (e. „Continuous Glucose Monitoring, CGM“) kerfum og getur leitt til blóðsykurslækkunar ef treyst er á glúkósaniðurstöður skynjara við skömmtnun insúlíns.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur á barneignaraldri/Getnaðarvarnir karla og kvenna

Konur á barneignaraldri sem fá hýdroxýkarbamíð skal ráðlagt að forðast þungun og láta lækinn tafarlaust vita ef svo fer.

Eindregið er ráðlagt að konur á barneignaraldri noti örugga getnaðarvörn.

Sjúklingar (karlar og konur) sem nota hýdroxýkarbamíð og óska eftir getnaði ættu að hætta meðferð 3 til 6 mánuðum áður en meðganga hefst ef mögulegt er. Meta skyldi hlutfallið milli áhættu og ávinnings á einstaklingsbundinn hátt og bera saman áhættu af hýdroxýkarbamíð meðferð og áhættuna af því að skipta henni út fyrir blóðgjöf.

Meðganga

Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturvekanir á æxlun (sjá kafla 5.3). Gera þarf sjúklingum sem taka hýdroxýkarbamíð grein fyrir möguleika á hættu fyrir fóstur.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun hýdroxýkarbamíðs á meðgöngu. Siklos er hvorki ætlað til notkunar á meðgöngu..

Ef grunur leikur á meðgöngu skal strax leiðbeina sjúklingi að hafa samband við lækni.

Brjóstagjöf

Hýdroxýkarbamíð skilst út í brjóstamjólk. Vegna hættu á alvarlegum aukaverkunum hjá ungbörnum verður að hætta brjóstagjöf meðan á töku Siklos stendur.

Frjósemi

Frjósemi karlmanna kann að verða fyrir áhrifum af meðferð. Mjög algengar tilvik um afturkræfa sæðisfrumnafæð eða sæðisfrumnaleysi komu fram hjá körlum, en þessar raskanir tengjast einnig undirliggjandi sjúkdómi. Vart varð við skerta frjósemi hjá karlkyns rottum (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Siklos hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Ráðleggja ætti sjúklingum að aka hvorki né stjórna vélum, ef vart verður við sundl við töku Siklos.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Sýnt var fram á öryggi hýdroxýkarbamíðs við meðferð á sigðkornaheilkenni í klínískum rannsóknum og það staðfest með langtíma ferilrannsókn með 1 903 fullorðnum og börnum eldri en tveggja ára. Algengasta aukaverkunin sem tilkynnt var um var mergbæling og var daufkyrningafæð algengasta einkennið. Beinmergsbæling er sú eiturvekun hýdroxýkarbamíðs sem takmarkar skammta. Tímabundnar eiturvekanir í beinmerg koma yfirleitt fram hjá færri en 10% sjúklinga þegar skammtur er minni en hámarks þolanlegur skammtur, en 50% sjúklinga geta upplifað afturkræfa beinmergsbælingu við hámarks þolanlegan skammt. Búist er við þessum aukaverkunum í samræmi við líflyfjafræði hýdroxýkarbamíðs. Jöfn og þétt títrun getur hjálpað til við að draga úr þessum áhrifum (sjá kafla 4.2).

Klínísk gögn varðandi sjúklinga með sigðkornaheilkenni hafa ekki sýnt fram á aukaverkanir af hýdroxýkarbamíði hvað varðar lifrar- og nýrnastarfsemi.

Tafla yfir aukaverkanir

Aukaverkanir eru taldar upp hér að neðan samkvæmt flokkun eftir líffærum og heildartíðni. Tíðni er skilgreind sem: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($> 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($> 1/1\,000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($> 1/10\,000$ til $< 1/1\,000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10\,000$), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst :

<i>Æxli, góðkynja og illkynja</i>	
Tíðni ekki þekkt:	Hvítblæði, húðkrabbamein hjá öldruðum
<i>Blóð og eitlar:</i>	
Mjög algengar:	Beinmergsbæling ¹ ásamt daufkyrningafæð (< 1,5 x 10 ⁹ /L), netfrumnafæð (< 80 x 10 ⁹ /L), risarauðkornager ²
Algengar:	Blóðflagnafæð (< 80 x 10 ⁹ /L), blóðleysi (blóðrauði < 4,5 g/dL) ³
<i>Taugakerfi:</i>	
Algengar:	Höfuðverkur
Sjaldgæfar:	Sundl
<i>Æðar</i>	
Tíðni ekki þekkt:	Blæðing
<i>Meltingarfæri:</i>	
Sjaldgæfar:	Ógleði
Tíðni ekki þekkt:	Truflanir í meltingarfærum, uppköst, sár í meltingarvegi, alvarlega lágt magnesíummagn í blóði
<i>Lifur og gall</i>	
Mjög sjaldgæfar:	Hækkuð lifrarendím
<i>Húð og undirhúð:</i>	
Algengar	Aukaverkanir á húð (til dæmis litun í munni, á nöglum og á húð) og slímhúðarbólga í munni.
Sjaldgæfar:	Útbrot, svartar neglur (melanonychia), skalli
Mjög sjaldgæfar:	Fótasár
Koma mjög sjaldan fyrir :	Dreifðir rauðir úlfar (Systemic lupus erythematosus (SLE)) og staðbundinn helluroði (cutaneous lupus erythematosus (CLE))
Tíðni ekki þekkt:	Þurrkur í húð
<i>Æxlunarfæri og brjóst:</i>	
Mjög algengar :	Sæðisfrumnafæð, sæðisfrumnaleysi ⁴
Tíðni ekki þekkt:	Tíðaleysi
<i>Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað</i>	
Tíðni ekki þekkt:	Hiti
<i>Rannsóknaniðurstöður:</i>	
Tíðni ekki þekkt:	Þyngdaraukning ⁵

¹ Blóðgildi verða yfirleitt eðlileg á ný á innan við tveimur vikum eftir að hætt er við hýdroxýkarbamíð.

² Risarauðkornagerið sem orsakast af hýdroxýkarbamíði er ekki háð B₁₂ vítamíni eða fólínsýru.

³ Orsakast fyrst og fremst af smáveirusýkingu (Parvovirus), fráhlutun í milta eða lifur, skertri nýrnastarfsemi.

⁴ Sæðisfrumnafæð og sæðisfrumnaleysi eru yfirleitt afturkræf en þó þarf að taka slíkt ástand til greina ef óskað er eftir getnaði (sjá kafla 5.3). Þessar raskanir tengjast einnig undirliggjandi sjúkdómi.

⁵ Þyngdaraukning getur stafað af bættu almennu ástandi.

Börn

Tíðni, tegund og alvarleiki aukaverkana hjá börnum eru yfirleitt svipuð og hjá fullorðnum.

Áhorfsrannsókn eftir markaðssetningu með Siklos® (Escort HU) með stórum hópi þátttakenda (n=1 906) með sigðkornablóðleysi sýndi að sjúklingar á aldrinum 2ja til 10 ára áttu í meiri hættu á að fá daufkyrningafæð og í minni hættu á að fá húðþurrk, skalla, höfuðverk og blóðleysi. Sjúklingar á aldrinum 10 til 18 ára áttu í minni hættu á að fá húðþurrk, húðsár, skalla, þyngdaraukningu og blóðleysi samanborið við fullorðna.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Tilkynnt hefur verið um bráðar eiturvekanir á slímhúð hjá sjúklingum sem fengu skammta af hýdroxýkarbamíði sem voru margfalt hærri en ráðlagður meðferðarskammtur. Vart hefur orðið við eymsli, fjólbílaan roða á húð, bjúg í lófum og á iljum og síðan hreisturmyndun á höndum og fótum, alvarlega og almenna oflitun á húð og munnbólgu.

Hjá sjúklingum með sigðkornaheilkenni var tilkynnt um alvarlega beinmergsbælingu í einstökum tilvikum ofskömmunar af hýdroxýkarbamíði milli tvöfalds og tífalda ávísaðs skammts (með allt að 8,57 sinnum hámarks ráðlögðum skammti, sem nemur 35 mg/kg líkamsþyngdar á dag). Mælt er með að fylgjast með blóðhag í nokkrar vikur eftir ofskömmun þar sem hætt er við hæfum bata. Meðferð við ofskömmun samanstendur af magaskolun og síðan einkennamiðaðri meðferð og eftirliti með beinmergsstarfsemi.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Æxlishefjandi lyf, önnur æxlishefjandi lyf, ATC flokkur: L01XX05.

Verkunarháttur

Ekki er fyllilega vitað um alla verkunarmáta hýdroxýkarbamíðs. Einn verkunarmáti hýdroxýkarbamíðs er aukin þéttni fósturbloðrauða (HbF) hjá sigðkornasjúklingum. HbF truflar fjölliðun HbS og hindrar því sigðun rauðra blóðfrumna, sem á hinn bóginn minnkar æðastíflu og blóðrof. Í öllum klínískum rannsóknum kom fram merkjanleg aukning HbF eftir notkun hýdroxýkarbamíðs miðað við grunnviðmið. Aukin þéttni fósturbloðrauða eykur einnig lifun rauðra blóðfrumna og heildarmagn blóðrauða og dregur þar af leiðandi úr blóðleysi í þessum sjúklingum.

Sýnt hefur verið fram á tengsl hýdroxýkarbamíðs við framleiðslu köfnunarefnismónoxíðs, sem gefur til kynna að köfnunarefnismónoxíð örvi framleiðslu hringlaga gúanósínmonófosfats (cGMP) sem síðan virkjar próteínkínasa og eykur framleiðslu HbF. Önnur þekkt lyfjafræðileg áhrif hýdroxýkarbamíðs sem hugsanlega eiga sinn þátt í jákvæðum áhrifum þess á sigðkornaheilkenni eru meðal annars fækkun á daukfyrningum, aukning á vatnsinnihaldi rauðra blóðkorna, aukin afmyndun sigðkorna og breytt viðloðun rauðra blóðkorna við æðapæl.

Auk þessa orsakar hýdroxýkarbamíð tafarlausa hemlun DNA-nýmyndunar með því að virka eins og ríbónúkleótíðredúktasa-hemill, án þess að trufla nýmyndun ríbónúkleótíðsýru eða próteins.

Lyfhrif

Auk óreglulegs samhengis á milli lækkaðrar tíðni verkjakasta og aukningar HbF voru frumueyðandi áhrif hýdroxýkarbamíðs, sérstaklega hvað varðar fækkun á daukfyrningum, sá þáttur sem var í mestu hlutfalli við lækkaða tíðni verkjakastanna.

Verkun og öryggi

Í nánast öllum klínískum rannsóknum sem framkvæmdar voru á sigðkornaheilkenni dró hýdroxýkarbamíð úr tíðni æðaprenginga hjá börnum og fullorðnum um 40% til 80%. Sama fækkun kom fram á fjölda sjúkrahússvistana og fjölda daga sem sjúkrahússvistun stóð hjá hópum sem hlutu meðhöndlun. Einnig dró úr árlegri tíðni bráðra brjóstverjakasta um 25% til 68% í mörgum rannsóknum. Bráð brjóstverjaköst er algengur og lífshættulegur fylgikvilli sigðkornaheilkennis og lýsir sér í verkjum fyrir brjósti, hita eða mæði með nýlegum íferðum samkvæmt röntgenmynd af brjóstakassa.

Varanlegur klínískur ávinningur kom fram hjá sjúklingum sem héldu áfram meðferð með hýdroxýkarbamíði í meira en 8 ár.

Hjá 1 906 sjúklingum sem tóku þátt í hóprannsókninni ESCORT HU, eftir tólf og tuttugu og fjögurra mánaða meðferð með hýdroxýkarbamíði og miðað við upphafsgildi, sást marktæk aukning á Hb gildi (+1,4 g/dL og 1,5 g/dL) og hlutfall HbF (+14,65% og 15%). Samhliða eftir eins árs meðferð varð marktæk fækkun á fjölda sársaukafullra krísa sem stóðu yfir >48 klst (-40% hjá börnum og -50% hjá

fullorðnum), ACS-köstum (-68% hjá börnum og -57% hjá fullorðna), og sjúkrahúsinnlagnir (-44% hjá börnum og -45% hjá fullorðnum) og hlutfall sjúklinga sem þurftu blóðgjöf lækkaði um 50%. Öryggissnið hýdroxýkarbamíðs hjá fullorðnum og börnum sem kom fram í ESCORT-HU var í samræmi við fyrri birtar upplýsingar án nýrrar áhættu (Montalembert 2021).

Börn

Í NOHARM rannsókn (Opoka 2017) var börnum á meðalaldri 2,2 ára (frá 1 til 3,99 ára) slembiraðað í annað hvort hýdroxýkarbamíð (n=104) eða lyfleysu (n=104). Meðferð var gefin einu sinni á dag við $20 \pm 2,5$ mg/kg í 12 mánuði. Samsett SCD-tengd klínísk niðurstaða (vaso-lokandi sársaukafull kreppa, dactylitis, bráð brjóstheilkenni, miltabinding eða blóðgjöf) var sjaldgæfari með hýdroxýúra (45%) en lyfleysu (69%, $p=0,001$). Varðandi hættuna á aukinni sýkingu hjá börnum með daufkyrmingafæð af völdum lyfja, var hún sjaldgæf hjá NOHARM og var ekki munur á hýdroxýúra og lyfleysumeðferð.

Í lok NOHARM rannsóknarinnar voru börn skráð í NOHARM framhaldsrannsóknina (John 2020) og þeim var úthlutað af handahófi í hlutfallinu 1:1 annað hvort til að fá hýdroxýkarbamíð í föstum staðalskammti (meðaltal $[\pm SD]$, 20 ± 5 mg á hvert kíló á dag) eða til að auka hýdroxýkarbamíð í hámarksskammt sem þolist. 187 börnum var slembiraðað: 94 (aldur $4,6 \pm 1,0$) í hópnum með fasta skammta ($19,2 \pm 1,8$ mg/kg/d) og 93 (aldur $4,8 \pm 0,9$) í hópnum sem fékk aukna skammta ($29,5 \pm 3,6$ mg/kg/d). Eftir 18 mánuði kom fram aukning á Hb-gildi ($+0,3$ g/dL) og % HbF ($+8\%$) í stigmögnunaráhópnum.

Klínískar aukaverkanir af hvaða gráðu sem er voru tíðari í hópnum sem fékk fasta skammta, þar með talið öll sigðfrumutengd tilvik (245 á móti 105) og sértæk tilvik: æðalokandi verkjakreppu (200 á móti 86) og bráð brjóstheilkenni eða lungnabólga (30 á móti 8). Fjöldi lykilinngripa í lækisfræði var einnig færri í hópnum sem stækkaði skammta en í hópnum með fasta skammta, bæði vegna blóðgjafa (34 á móti 116) og sjúkrahúsinnlagna (19 á móti 90).

Hjá ungbörnum með SS/Sb0 á aldrinum 9–23 mánaða, fækkun verkjatilvika (-52%, 177 tilvik á móti 375), dactylitis (-80%, 24 á móti 123), bráðu brjóstheilkenni (8 á móti 27) og sjúkrahúsinnlögnum (-28%, 232 á móti 324) hefur verið tilkynnt með hýdroxýkarbamíði (n=96) samanborið við lyfleysu (n=97) í sömu röð í slembiröðuðum samanburðarrannsókninni Baby Hug. Hjá 25 sjúklingum sem voru meðhöndlaðir í 1 ár í óstýrðu ESCORT HU í 1 ár samanborið við 1 ár fyrir innritun (n=25), minnkun á æðalokandi kreppu: -42% og sjúkrahúsinnlögnum: -55%.

Ávinnings-áhættuhlutfallið hjá þessum hópi og langtímaöryggi verður að ákvarða.

Upplýsingum var safnað óstýrðu ESCORT HU hóprannsókninni í undirhópi 27 barna með alvarlegt, langvinnt blóðleysi sem fengu meðferð með Siklos í 12 mánuði og voru með gildi blóðrauða undir 7 g/dL við grunnigildi. Af þessum hópi höfðu einungis 6 (22%) sjúklinganna gildi undir 7 g/dL í mánuði 12. Þó svo að breyting frá grunnigildi jöfn eða hærri en 1 g/dL hafi komið fram hjá meirihluta sjúklinga (56%) var ekki hægt að komast að traustum niðurstöðum um verkun frá þessari óstýrðu rannsókn, vegna þess að mikinn hluta gagna vantaði, möguleika á afturhvarfi til meðalgildis og að ekki var hægt að útiloka áhrif frá blóðgjöfum.

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Eftir að tekin eru inn 20 mg/kg af hýdroxýkarbamíði er frásög hratt og u.þ.b. 30 mg/l hámarksþéttni í blóðvökva kemur fram eftir 0,75 klst. hjá börnum með sigðkornaheilkenni og 1,2 klst. hjá fullorðnum. Heildarútsetning allt að 24 klst. eftir að skammtur er tekinn er 124 mg klst./L hjá börnum og unglingum og 135 mg klst./L hjá fullorðnum sjúklingum. Aðgengi þegar hýdroxýkarbamíð er tekið inn er nánast algjört skv. mati þegar lyfið var notað við öðrum ábendingum en sigðkornaheilkenni.

Dreifing

Hýdroxýkarbamíð dreifist hratt um mannslíkamann, berst í heila- og mænuvökva, kemur fram í lífhimnuvökva og skinnholsvökva, og safnast saman í hvítörnum og rauðörnum. Áætlað dreifingarrúmmál hýdroxýkarbamíðs er svipað og heildarvatnsmagn líkamans.

Dreifingarrúmmál við stöðugt ástand leiðrétt miðað við aðgengi er 0,57 L/kg hjá sjúklingum með sigðkornaheilkenni (það nær u.þ.b. 72 L hjá börnum og 90 L hjá fullorðnum). Ekki er vitað hversu mikil próteinbinding hýdroxýkarbamíðs er.

Umbrot

Ekki liggur fyrir fyllileg lýsing á umbrotsleiðum eða umbrotsefnum. Úrea er eitt umbrotsefni hýdroxýkarbamíðs.

30, 100 og 300 µM hýdroxýkarbamíð brotnar ekki niður *in vitro* af völdum cytókróma P450 í lifrarfrymisögnum manna. Við 10 til 300 µM þéttni örvar hýdroxýkarbamíð ekki *in vitro* ATPasa-virkni raðbrigða P-glýkópróteins (PGP) úr mönnum, sem gefur til kynna að hýdroxýkarbamíð sé ekki PGP-hvarfefni. Því er ekki búist við milliverkunum við samhliða lyfjagjöf með efnum sem eru hvarfefni cytókróma P450 eða P-glýkópróteins.

Brotthvarf

Í rannsókn á endurteknum skömmtum hjá fullorðnum sjúklingum með sigðkornaheilkenni kom u.þ.b. 60% hýdroxýkarbamíðskammtsins fram í þvagi við stöðugt ástand. Hjá fullorðnum einstaklingum var heildarúthreinsun leiðrétt miðað við aðgengi 9,89 L/klst. (0,16 L/klst./kg), þar af 5,64 L/klst. við nýrnaúthreinsun og 4,25 L/klst. um aðrar leiðir en nýru. Gildi heildarúthreinsunar hjá börnum voru 7,25 L/klst. (0,20 L/klst./kg), eða 2,91 L/klst. við nýrnaúthreinsun og 4,34 L/klst. um aðrar leiðir en nýru.

Hjá fullorðnum með sigðkornaheilkenni var meðalgildi samsafnaðs hýdroxýkarbamíðútskilnaðar í þvagi 62% af gefnum skammti eftir 8 klst. og því hærri en hjá krabbameinssjúklingum (35-40%). Hjá sjúklingum með sigðkornaheilkenni skildist hýdroxýkarbamíð út með helmingunartímanum sex til sjö klukkustundum, sem er lengri tími en tilkynnt hefur verið um þegar það er notað við öðrum ábendingum.

Aldur, kyn, kynþáttur

Engar upplýsingar liggja fyrir um lyfjahvarfafræðilegan mun eftir aldri (nema hvað varðar börn), kyni eða kynþætti.

Börn

Hjá börnum og fullorðnum sjúklingum með sigðkornaheilkenni var almenn útsetning fyrir hýdroxýkarbamíði við stöðugt ástand svipuð hvað varðar flatarmál undir blóðþéttiferli. Hámarksstyrkur í blóðvökva og sýnilegt dreifingarrúmmál miðað við líkamsþyngd var vel sambærilegt í öllum aldurshópum. Sá tími sem það tók að ná hámarksþéttni í blóðvökva lengdist og það hundraðshlutfall skammts sem skildist út með þvagi hækkaði hjá börnum miðað við fullorðna. Hjá börnum var helmingunartíminn örlítið lengri og heildarúthreinsun miðað við líkamsþyngd örlítið meiri en hjá fullorðnum sjúklingum (sjá kafla 4.2).

Skert nýrnastarfsemi

Þar sem nýrnaútskilnaður er ein leið brotthvarfs ætti að íhuga að minnka Siklos skammta hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Í opinni stakskammtarannsókn á fullorðnum sjúklingum með sigðkornaheilkenni (Yan JH *et al*, 2005) voru áhrif nýrnastarfsemi á lyfjahvörf hýdroxýkarbamíðs metin. Sjúklingar með eðlilega (kreatínínúthreinsun CrCl >80 mL/mín.), væga (CrCl 60-80 mL/mín.), miðlungs (CrCl 30-60 mL/mín.) eða alvarlega (<30 mL/mín.) skerðingu á nýrnastarfsemi fengu hýdroxýkarbamíð í stökum skammti sem nam 15 mg/kg líkamsþyngdar og til þess voru notuð 200 mg, 300 mg eða 400 mg hylki. Hjá sjúklingum með lægri CrCl en 60 mL/mín. eða sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi var meðalútsetning fyrir hýdroxýkarbamíði u.þ.b. 64% hærri en hjá sjúklingum með eðlilega nýrnastarfsemi. Eins og fram kom í seinni rannsókn var flatarmálið undir ferlinum u.þ.b. 51% hærri hjá sjúklingum með CrCl <60 mL/mín. en hjá sjúklingum með CrCl ≥60 mL/mín., sem gefur til kynna að hugsanlega sé viðeigandi að minnka hýdroxýkarbamíð skammtinn um 50% hjá sjúklingum með CrCl ≤ 60 mL/mín. Blóðskilun dró úr útsetningu fyrir hýdroxýkarbamíði um 33% (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Ráðlagt er að hafa náð eftirlit með blóðgildum þessara sjúklinga.

Skert lifrarstarfsemi

Engin gögn liggja fyrir til stuðnings sérstökum leiðbeiningum um skammtaaðlögun fyrir sjúklinga með skerta lifrarstarfsemi en af öryggisástæðum er ekki mælt með notkun Siklos fyrir sjúklinga með alvarlega skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.3). Ráðlagt er að hafa náð eftirlit með blóðgildum sjúklinga með skerta lifrarstarfsemi.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Í forklínískum rannsóknum á eiturverkunum voru algengustu áhrifin sem fram komu meðal annars beinmergsbæling, eitlarýrnun og hrörnun í þekju mjó- og digurgirnis. Áhrif á hjarta- og æðakerfi og blóðfræðilegar breytingar komu fram hjá sumum tegundum. Hjá rottum kom einnig fram eistnarýrnun og minnkuð sáðfrumumyndun, en hjá hundum kom fram afturkræf stöðvun sáðfrumumyndunar.

Hýdroxýkarbamíð veldur tvímælalaust skemmdum á erfðaefni samkvæmt breiðum hópi prófkerfa. Ekki hafa verið framkvæmdar hefðbundnar langtímarannsóknir til að meta hugsanleg krabbameinsvaldandi áhrif hýdroxýkarbamíðs. Hins vegar er búist við að hýdroxýkarbamíð sé krabbameinsvaldur hjá bæði mönnum og dýrum.

Hýdroxýkarbamíð berst gegnum fylgju og sýnt hefur verið fram á að það hafi öflug vanskapandi áhrif og eiturverkanir á fósturvísu í ýmsum dýralíkönunum við meðferðarskammta fyrir menn eða lægri skammta. Vanskapanir einkenndust af höfuðkúpubeinum sem voru að hluta til beingerð, vöntun á augntóftum, vatnshöfði, tvískiptu bringubeini og vöntun lendarhryggjarliða. Eiturverkanir á fósturvísu komu fram í minnkuðum lífslíkum fósturs, minnkuðum fjölda lifandi sambura og seinkuðum þroska. Hýdroxýkarbamíð sem gefið var karlkyns rottum í skammtinum 60 mg/kg líkamsþyngdar á dag (u.þ.b. tvöfaldur ráðlagður hámarksskammtur fyrir menn) olli eistnarýrnun, minnkaðri sáðfrumumyndun og dró verulega úr getu til að frjóvga kvendýr.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Natríum sterýl fúmarat
Kísilgerður, örkristallaður sellulósi
Venjuleg bútýleruð metakrílatfjölliða

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

Í notkun

Ónotuðum, brotnum töflum skal koma fyrir í glasinu á ný og nota innan þriggja mánaða.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið við lægri hita en 30°C.

6.5 Gerð íláts og innihald

Lyfjaglas úr eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) með barnaöryggislok úr pólýprópýleni með þurrkefni.

Siklos 100 mg filmuhúðuð tafla

Pakkningastærðir með 60, 90 eða 120 töflum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Siklos 1000 mg filmuhúðuð tafla
Pakkningastærð 30 töflur.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Siklos er lyf sem meðhöndla þarf með aðgát. Einstaklingar sem ekki taka Siklos, sérstaklega barnshafandi konur, skulu forðast snertingu við hýdroxýkarbamíð. Hver sá sem meðhöndlar Siklos á að þvo sér um hendurnar fyrir og eftir snertingu við töflurnar. Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

Ef ávísaður skammtur krefst þess að taflan sé brotin til helminga eða í fjórðungshluta, á að gera slíkt fjarri fæðu. Duft sem losnar úr brotinni töflu skal þurrka upp með rakri einnota þurrku sem síðan er fleygt.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine
Frakkland
Sími: +33 1 72 69 01 86
Fax: +33 1 73 72 94 13
Netfang: question@theravia.com

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

Siklos 100 mg filmuhúðuð tafla
EU/1/07/397/002
EU/1/07/397/003
EU/1/07/397/004

Siklos 1000 mg filmuhúðuð tafla
EU/1/07/397/001

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 29/06/2007
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 24/04/2017

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um þetta lyf eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á,
AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang/-föng framleiðanda/framleiðenda sem er(u) ábyrgur/ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Delpharm Lille
Parc d'Activités Roubaix-Est
22 rue de Toufflers
CS 50070
59452 Lys-lez-Lannoy
Frakkland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Lyf sem eingöngu má nota eftir ávísun tiltekinna sérfræðilækna (Sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• Áætlun um áhættustjórnun

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

Ef skil á samantekt um öryggi lyfsins og uppfærsla á áætlun um áhættustjórnun er áætluð á svipuðum tíma má skila þeim saman.

• Viðbótaraðgerðir til að lágmarka áhættu

Markaðsleyfishafi (MLH) þarf að tryggja að allir lækna sem koma til með að ávísa Siklos fái upplýsingarpakka sem inniheldur eftirfarandi atriði:

- Meðferðarleiðarvísir fyrir lækna
- Meðferðarleiðbeiningar sjúklinga
- Skammtablað (í löndum þar sem báðir styrkleikar eru fáanlegir)

Meðferðarleiðarvísir fyrir lækna á að innihalda eftirfarandi meginatriði:

- Samantekt á eiginleikum lyfs

- Þörf fyrir getnaðarvörn
- Áhættu varðandi frjósemi karla og kvenna, hugsanlega áhættu hvað varðar fóstur og brjóstagjöf
- Umsjón með aukaverkunum
- Hætta á rangri lyfjagjöf vegna þess að töflurnar fást í tveimur mismunandi styrkleikum (þar sem báðir styrkleikar eru fáanlegir)

Meðferðarleiðbeiningar fyrir sjúklinga eiga að innihalda eftirfarandi meginatriði:

- Fylgiseðil
- Meðhöndlun brotinna taflna
- Þörf fyrir getnaðarvarnir
- Áhættu varðandi frjósemi karla og kvenna, hugsanlega áhættu hvað varðar fóstur og brjóstagjöf
- Hætta á rangri lyfjagjöf vegna þess að töflurnar fást í tveimur mismunandi styrkleikum (þar sem báðir styrkleikar eru fáanlegir)

Ef nauðsyn krefur ættu lyfjafræðingar að fá markviss skilaboð um hættu á rangri lyfjagjöf vegna ruglings á milli styrkleikanna tveggja þar sem báðir eru fáanlegir.

Markaðsleyfishafi þarf að koma þessari fræðsluáætlun á fót í hverju landi fyrir sig og í samráði við viðeigandi yfirvöld í aðildarlöndum.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM
ASKJA**

1. HEITI LYFS

Siklos 100 mg filmhúðuð tafla
Hýdroxýkarbamíð

2. VIRK(T) EFNI

Hver tafla inniheldur 100 mg hýdroxýkarbamíð.

3. HJÁLPAREFNI

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

60 töflur
90 töflur
120 töflur

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til inntöku.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Frumuskemmandi: Meðhöndla skal töflurnar með varúð.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Fyrnist:
Geymsluþol taflna sem hafa verið brotnar: 3 mánuðir.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við lægri hita en 30°C.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

THERAVIA, 16 Rue Montrosier, 92200 Neuilly-sur-Seine, Frakkland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/07/397/002 60 töflur
EU/1/07/397/003 90 töflur
EU/1/07/397/004 120 töflur

13. LOTUNÚMER

Lot:

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

siklos 100 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC:
SN:
NN:

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

LYFJAGLAS

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Siklos 100 mg tafla
Hýdroxýkarbamíð
Til inntöku

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

Fyrnist:

4. LOTUNÚMER

Lot:

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

60 töflur
90 töflur
120 töflur

6. ANNÆÐ

Frumuskemmandi

**UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM
ASKJA**

1. HEITI LYFS

Siklos 1 000 mg filmuhúðuð tafla
Hýdroxýkarbamíð

2. VIRK(T) EFNI

Hver tafla inniheldur 1 000 mg hýdroxýkarbamíð.

3. HJÁLPAREFNI

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

30 töflur

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til inntöku.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Frumuskemmandi: Meðhöndla skal töflurnar með varúð.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Fyrnist:
Geymsluþol taflna sem hafa verið brotnar: 3 mánuðir.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við lægri hita en 30°C.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

THERAVIA, 16 Rue Montrosier, 92200 Neuilly-sur-Seine, Frakkland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/07/397/001

13. LOTUNÚMER

Lot:

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

siklos 1 000 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC:
SN:
NN:

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM**LYFJAGLAS****1. HEITI LYFS**

Siklos 1 000 mg töflur
Hýdroxýkarbamíð

2. VIRK(T) EFNI

Hver tafla inniheldur 1 000 mg hýdroxýkarbamíð.

3. HJÁLPAREFNI**4. LYFJAFORM OG INNIHALD**

30 töflur

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til inntöku

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Frumuskemmandi: Meðhöndla skal töflurnar með varúð.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Fyrnist:

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við lægri hita en 30 C.

**10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA
ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

THERAVIA

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/07/397/001

13. LOTUNÚMER

Lot:

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

B. FYLGISEÐILL

Fylgiseðill: upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Siklos 100 mg filmuhúðuð tafla
Siklos 1 000 mg filmuhúðuð tafla
Hýdroxýkarbamíð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota.
- Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Siklos og við hverju er það notað
2. Áður en byrjað er að nota Siklos
3. Hvernig nota á Siklos
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Siklos
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Siklos og við hverju er það notað

Siklos er notað til að koma í veg fyrir verkjakrampa, þar á meðal skyndilegan verki fyrir brjósti, af völdum sigðkornaheilkennis hjá fullorðnum, unglingum og börnum sem eru eldri en 2 ára.

Sigðkornasjúkdómur er arfgengur blóðsjúkdómur sem hefur áhrif á hin kringlóttu rauðu blóðkorn. Sum blóðkornin verða óeðlileg, stíf og kvartmána- eða sigðlaga og af því hlýst blóðleysi. Sigðfrumurnar festast einnig í æðunum og hindra blóðflæði. Þetta getur valdið bráðum verkjaköstum og líffæraskaða.

Í alvarlegustu köstum þurfa flestir sjúklingar að leggjast inn á sjúkrahús. Siklos dregur úr fjölda verkjakasta og úr þörf á sjúkrahússvistun í tengslum við sjúkdóminn.

Virka innihaldsefnið í Siklos, hýdroxýkarbamíð, er efni sem hindrar vöxt og fjölgun sumra frumna, svo sem blóðfrumna. Þessi áhrif leiða til fækkunar á rauðum, hvítum og storkufrumum í blóðinu (mergbælingaráhrif). Hýdroxýkarbamíð hjálpar einnig til við að hindra óeðlilega lögun rauðra blóðkorna þegar um sigðkornaheilkenni er að ræða.

2. Áður en byrjað er að nota Siklos

Ekki má nota Siklos

- ef þú ert með ofnæmi fyrir hýdroxýkarbamíði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins, (talin upp í kafla 6),
- ef þú þjáist af alvarlegum lifrarsjúkdómi,
- ef þú þjáist af alvarlegum nýrnasjúkdómi,

- ef þú ert með mergbælingu (þ.e. ef þú þjáist af minnkaðri framleiðslu rauðra, hvítra eða storkublóðfrumna) eins og lýst er í kafla 3 „Hvernig taka á Siklos, eftirfylgnimeðferð“,
- ef þú ert með barn á brjósti (sjá kaflann „Meðganga og brjóstagjöf og frjósemi“).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Siklos er notað.

- ef þú ert með lifrarsjúkdóm,
- ef þú ert með nýrnasjúkdóm,
- ef þú ert með fótasár,
- ef þú tekur önnur mergbælandi lyf (minnkuð framleiðsla á rauðum, hvítum og storkublóðfrumum) eða ert í geislameðferð,
- ef vitað er til að þig skorti B₁₂ vítamín eða fólínsýru.

Ef þú hefur (eða hefur haft) eitthvað af þessu skaltu láta lækinn vita. Ef spurningar vakna skaltu spyrja lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing.

Sjúklingar og/eða foreldrar eða forráðamenn þurfa að geta farið eftir leiðbeiningum varðandi lyfjagjöf, eftirlit og ummönnun.

Notkun annarra lyfja samhliða Siklos

Láttu lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Sérstaklega er mikilvægt að gefa upplýsingar um.

- sum andretróveirulyf (þau sem hamla eða eyða retróveiru, svo sem HIV), t.d. dídanósín, stavúdín og indínávír (hugsanlega að hvítum blóðkornum fækki skyndilega hjá þér),
- mergbælandi lyf (minnkuð framleiðsla rauðra, hvítra eða storkublóðfrumna) og ert í geislameðferð,
- sum bóludefni,
- stöðugt glúkósaefirlitskerfi (e. „Continuous Glucose Monitor, CGM“), sem notað er til að mæla blóðsykur (hýdroxýkarbamíð getur ranglega hækkað glúkósaniðurstöður skynjara frá ákveðnum CGM-kerfum og getur leitt til blóðsykursfalls ef treyst er á glúkósaniðurstöður skynjara við skömmun insúlíns).

Meðganga og brjóstagjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Ekki er mælt með notkun Siklos á meðgöngu. Hafðu samband við lækinn tafarlaust ef þú telur að þú gætir verið þunguð.

Eindregið er ráðlagt að nota örugga getnaðarvörn.

Ef þú verður barnshafandi eða ætlar þér að verða barnshafandi meðan á töku Siklos stendur mun lækinn ræða við þig um mögulegan ávinning og áhættu ef haldið er áfram að nota Siklos.

Ef þú ert karlkyns sjúklingur sem tekur Siklos og maki þinn verður barnshafandi eða ætlar sér að verða barnshafandi mun lækinn jafnframt ræða við þig um mögulegan ávinning og áhættu ef haldið er áfram að nota Siklos.

Virka innihaldsefnið í Siklos skilst út í brjóstamjólk. Ekki gefa barni brjóst meðan þú tekur Siklos.

Hýdroxýkarbamíð getur dregið úr sæðisframleiðslu hjá körlum á meðan þeir eru í meðferð.

Akstur og notkun véla

Sumir einstaklingar kunna að finna fyrir sundli við notkun Siklos. Ekki aka bifreið eða stjórna tækjum eða vélum ef þú finnur fyrir sundli á meðan þú tekur Siklos.

3. Hvernig nota á Siklos

Notið lyfið alltaf eins og lækurinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Skömmtun

Læknirinn mun segja þér hversu mikið þú átt að taka af Siklos á hverjum degi og ávísa skömmtunum í heilum töflum, hálfum eða fjórðungshlutum.

Taka skal ávísaðan skammt af Siklos einu sinni á dag, helst að morgni fyrir morgunverð. Má taka hann ásamt glasi af vatni eða örlitlu magni fæðu.

Ef þú ert ekki fær um að kyngja töflum má sundra þeim í vatni **rétt fyrir notkun:**

- Setja skal skammtinn sem nota þarf (helst brotinn í smærri einingar ef Siklos 1 000 mg taflan er notuð) í teskeið og bæta í hana dálitlu vatni.
- Um leið og taflan hefur sundrast skal kyngja innihaldi teskeiðarinnar. Bæta má dropa af sírópi út í eða blanda innihaldinu við fæðu til að fela hugsanlegt beiskt bragð.
- Loks skal drekka stórt glas af vatni eða einhverjum öðrum drykk.

Meðhöndlun

Siklos er frumuskemmandi lyf sem þarf að meðhöndla með varúð.

Hver sá einstaklingur sem tekur ekki Siklos, sérstaklega barnshafandi konur, ætti að forðast beina snertingu við hlutana þegar tafla er brotin. Þvoðu þér um hendurnar fyrir og eftir snertingu við töflurnar.

Ef ávísaður skammtur krefst þess að taflan sé brotin til helminga eða í fjórðungshluta ætti að gera slíkt fjarri fæðu. Duft sem losnar úr brotinni töflu skal þurrka upp með rakri einnota þurrku sem síðan er fleygt. Varðandi geymslu ónotaðra, brotinna taflna, sjá kafla 5 „Hvernig geyma á Siklos“.

Eftirfylgnimeðferð

Læknirinn mun segja þér hversu lengi þú skulir taka Siklos.

Á meðan þú tekur Siklos verða teknar blóðprufur úr þér reglulega og fylgjast með lifur og nýrum. Slík próf geta verið framkvæmd mánaðarlega eða á tveggja mánaða fresti, eftir því hversu stóran skammt þú tekur. Læknirinn mun aðlaga skammtinn af Siklos samkvæmt þessum niðurstöðum.

Ef stærri skammtur af Siklos en mælt er fyrir um er tekinn

Ef þú tekur meira af Siklos en mælt er fyrir um, eða ef barn hefur tekið lyfið, skaltu hafa samband við lækinn eða næsta sjúkrahús tafarlaust þar sem hugsast getur að þörf sé á neyðarlækismeðferð.

Algengustu einkenni ofskömmtunar af Siklos eru:

- Roði í húð,
- Eymсли (snerting reynist sársaukafull) og bólga í lófum og á iljum og síðan hreisturmyndun á höndum og fótum,
- Húðin fær á sig sterkan lit (staðbundnar litabreytingar),
- Eymсли eða bólga í munni.

Ef gleymist að taka Siklos

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp töflu sem gleymst hefur að taka. Þegar tími er kominn til að taka næsta skammt skal halda meðferðinni áfram á eðlilegan hátt samkvæmt ávísun læknisins.

Ef hætt er að taka Siklos

Ekki hætta meðferð nema lækinn hafi ráðlagt það.

Leitið til lækisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Siklos valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Láttu lækinn tafarlaust vita ef þú finnur fyrir einhverjum eftirfarandi alvarlegum aukaverkunum:

- Alvarlegri sýkingu,
- Þreytu og/eða fölvu,
- Mar án greinilegrar ástæðu (söfnun blóðs undir húð) eða blæðingu,
- Óvenjulegum höfuðverk,
- Öndunarörðugleikum.

Láttu lækinn vita eins fljótt og auðið er ef vart verður við einhverjar eftirfarandi aukaverkana:

- Hiti eða kuldaþröllur,
- Ógleðitilfinning eða almenn vanlíðan,
- Útbrot (rauð, upphleypt húð ásamt kláða),
- Sár á fótleggjum,
- Fleiður (opin sýking í húð) á húð,
- Skynvilla (rugl) og sundl.

UPPLÝSINGAR UM AUKAVERKANIR

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):

Lítill fjöldi blóðfrumna (mergbæling), stækkun rauðra blóðkorna.

Ekkert eða lítið magn sáðfrumna í sæði (sæðisfrumnaleysi eða sæðisfrumnafæð). Siklos getur því dregið úr líkum á getnaði hjá karlmönnum.

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

Fækkun rauðra blóðfrumna (blóðleysi), lítill fjöldi blóðflagna, höfuðverkur, húðviðbrögð, bólga eða sáramyndun í munni (slímhúðarbólga í munni).

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

Sundl, ógleði, rauð og upphleypt húð ásamt kláða (útbrot), svartar neglur (melanonychia), hárlos.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1 000 einstaklingum):

Sár á fótleggjum (fótasár), breyting á lifrarstarfsemi.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að færri en 1 af hverjum 10 000) eða tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum):

Húðbólga með rauðum hreistruðum flekkjum og hugsanlega einnig með liðverkjum.

Einstök tilvik um illkynja sjúkdóm í blóðfrumum (hvítblæði), húðkrabbamein hjá öldruðum sjúklingum, blæðing, meltingartruflanir, uppköst, þurrkur í húð, hiti, enginn tíðahringur (tíðaleysi) og þyngdaraukningu.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Siklos

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota Siklos eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og lyfjaglasinu á eftir fyrnist.

Geymið við lægri hita en 30°C.

Ónotaðar, brotnar töflur verður að setja aftur í glasið og nota innan þriggja mánaða.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Hvað inniheldur Siklos

- Virka innihaldsefnið er hýdroxýkarbamíð.
Hver Siklos 100 mg filmuhúðuð tafla inniheldur 100 mg af hýdroxýkarbamíð.
Hver Siklos 1 000 mg filmuhúðuð tafla inniheldur 1 000 mg af hýdroxýkarbamíð.
- Önnur innihaldsefni eru natríum sterýl fúmarat, kísilgerður örkristallaður sellulósi og venjuleg bútýleruð metakrílatfjölliða.

Útlit Siklos og pakkningastærðir

Siklos 100 mg filmuhúðaðar töflur eru beinhvítar, ílangar töflur með deiliskoru beggja megin.

Töflunni má skipta í tvo jafna hluta.

Hvor helmingur töflu er merktur með „H“ öðrum megin.

Siklos 100 mg er afgreitt í plastglösum sem innihalda 60, 90 eða 120 töflur.

Siklos 1 000 mg filmuhúðaðar töflur eru beinhvítar, hylkisлага töflur, merktar með þremur

deiliskorum beggja megin. Skipta má töflunni í fjóra jafna hluta.

Hver fjórðungur töflunnar er merktur með „T“ öðrum megin.

Siklos 1 000 mg er afgreitt í lyfjaglösum sem innihalda 30 töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

THERAVIA

16 Rue Montrosier

92200 Neuilly-sur-Seine

Frakkland

Framleiðandi

Delpharm Lille

Parc d'Activités Roubaix-Est

22 rue de Toufflers
CS 50070
59452 Lys-lez-Lannoy
Frakkland

Ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið, vinsamlegast hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað:

België/Belgique/Belgien
THERAVIA
Tél/Tel: +32(0) 2 808 2973

Lietuva
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Prancūzija
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

България
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine – Франция
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Luxembourg/Luxemburg
THERAVIA
Tél/Tel: +352 27 86 23 29

Česká republika
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Francie
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Magyarország
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Franciaország
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Danmark
Oresund Pharma ApS
Orient Plads 1
2150 Nordhavn
Danmark
Tlf: +45 53 63 39 16

Malta
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Franza
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Deutschland
THERAVIA
Tel: 0800 10 90 001

Nederland
THERAVIA
Tel: +31 (0) 20 208 2161

Eesti
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Prantsusmaa
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Norge
Oresund Pharma ApS
Orient Plads 1
2150 Nordhavn
Danmark
Tlf: +45 53 63 39 16

Ελλάδα
DEMO ABEE
Τηλ: +30 210 81 61 802

Österreich
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Frankreich
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

España
Abacus Medicine A/S
Tel: +34 910605214

Polska
THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Francja
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

France

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Portugal

Abacus Medicine A/S
Tel: +34 910605214

Hrvatska

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

România

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Franța
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Ireland

THERAVIA
Tel: +353(0)-903 8043

Slovenija

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Francija
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Ísland

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Frakkland
Sími: +33 (0)1 72 69 01 86

Slovenská republika

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Francúzsko
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Italia

THERAVIA
Tel: 800 959 161

Suomi/Finland

Oresund Pharma ApS
Orient Plads 1
2105 Nordhavn
Tanska
Puh/Tel: +45 53 63 39 16

Κύπρος

The Star Medicines Importers Co Ltd
Τηλ: +357 25 37 1056

Sverige

Oresund Pharma ApS
Orient Plads 1
2150 Nordhavn
Danmark
Tel: +45 53 63 39 16

Latvija

THERAVIA
16 Rue Montrosier
92200 Neuilly-sur-Seine - Francija
Tel: +33 (0)1 72 69 01 86

Þessum lyfseðli var síðast breytt MM/ÁÁÁÁ

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>. Þar eru líka tenglar á aðrar heimasíður um sjaldgæfa sjúkdóma og lyf við þeim.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is/>.